

SAMÞYKKT **um stjórn Múlaþings**

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn sveitarfélagsins er skipuð ellefu fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt kosningalögum.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Sveitarfélagið er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið annast þau verkefni sem því eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneytinu.

Sveitarfélagið vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélaginu er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um sveitarstjórn.

4. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni sveitarstjórnar.

Meðal verkefna sveitarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa forseta og varaforseta sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja sveitarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða sveitarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarstjórnar, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarstjórnar reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

10. Sveitarstjórn staðfestir samþykktir fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir sveitarstjórnar.
11. Að setja sveitarfélaginu málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný sveitarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfaramandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af kosningalögum. Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta og varaforseta.

Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn forseta og 1. og 2. varaforseta. Skulu þeir kjörnir til eins árs í senn.

Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta skjal kjósa varaforseta. Skal kosning þeirra vera hlutfallskosning, enda sé ekki full samstaða um annað innan sveitarstjórnar.

Njóti forseti eða varaforsetar ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis þegar að því loknu.

Sveitarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi kjörinna fulltrúa. Skrifarar skulu telja atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórn.

Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

III. KAFLI

Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi sínum ákveða fundardaga og fundartíma sveitarstjórnar fyrir kjörtímabilið.

Aukafundi skal halda þegar forseti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að tiltekinn reglulegur fundur eða aukafundur skuli fara fram á öðrum fundarstað í sveitarfélaginu, á öðrum degi eða öðrum fundartíma en áður hefur verið ákveðið.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna leyfa sveitarstjórnar.

9. gr.

Boðun sveitarstjórnarfunda.

Sveitarstjóri í samráði við forseta sveitarstjórnar boðar sveitarstjórnarfundi.

Heimilt er að senda fundarboð og dagskrá rafrænt til fulltrúa í sveitarstjórn, aðalmanna og varamanna. Fundarboðið og dagskrá ásamt fylgigögnum, er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa á fundargátt sveitarfélagsins. Heimilt er að boða fundi byggðarráðs og fastanefnda rafrænt með sama hætti og boðun funda sveitarstjórnar.

Fundarboð skal berast sveitarstjórnarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

10. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta sveitarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar, svo og ráðningu sveitarstjóra og endurskoðanda.
2. Fundargerðir byggðarráðs, heimastjórna, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóra eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega í tæka tíð til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjórnar.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi sveitarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórnarmenn, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.

Opnir fundir sveitarstjórnar.

Fundir sveitarstjórnar eru opnir. Þeir skulu jafnan sendir út í beinni útsendingu og birtir á vef sveitarfélagsins. Heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélags séu viðstaddir. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarfulltrúa sé viðstaddur á fundi, eða í fjarfundabúnaði sbr. 14. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Fjarfundabúnaður.

Heimilt er að nota fjarfundabúnað á sveitarstjórnarfundum, fundum byggðarráðs og annarra ráða og nefnda. Fulltrúar í sveitarstjórn skulu þó að jafnaði mæta á fundarstað, nema brýnar ástæður mæli með því að slíkur búnaður sé notaður.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem hyggst sækja fund í gegnum fjarfundabúnað skal tilkynna forseta eða formanni ráðs eða nefndar með nægjanlegum fyrirvara.

Fulltrúum í byggðarráði og öðrum ráðum og nefndum er almennt heimilt að nota fjarfundabúnað.

Til að sækja fjarfund er skilyrði að fulltrúi geti verið í fullnægjandi aðstöðu til að sækja fundinn. Þegar nefndarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess.

Sveitarstjórn skal setja nánari reglur um framkvæmd fjarfunda, þar sem fjallað er um kröfur til aðstöðu einstakra fulltrúa, kröfur til búnaðar, staðfestingu fundargerða og fleira.

15. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélags í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 57. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

- a. **Fundarstjórn.** Forseti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Ritun fundargerðar skal vera í samræmi við auglýsingu um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, nr. 1181/2021. Undirritun fundarmanna sem sækja fjarfund skal gerð með rafrænum hætti.
Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.
- b. **Vald forseta.** Skyld er sveitarstjórnarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.
Ef sveitarstjórnarfulltrúi ber aðra menn brigsllum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef sveitarstjórnarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við sveitarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.
Ef sveitarstjórnarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.
Ef áheyrandi á sveitarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal sveitarstjórnar.
- c. **Afgreiðsla mála.** Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema sveitarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa þau afbrigði.
- d. **Málfrelsi sveitarstjóra.** Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.
- e. **Málfrelsi.** Sveitarstjórnarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumann svo og sveitarstjórnarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.
Sveitarstjórnarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.
- f. **Ávarp ræðumanns.** Sveitarstjórnarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.
Sveitarstjórnarfulltrúi skal ávarpa einstaka sveitarstjórnarfulltrúa með fullu nafni.
Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða.
- g. **Hve oft má tala.** Sveitarstjórnarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarfulltrúa að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls. Sveitarstjóri hefur óbundið málfrelsi.

- h. **Ræðutími.** Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram geti hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs.
- i. **Tillögur og afgreiðsla.** Sveitarstjórnarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- j. **Réttur til bókunar.** Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
- k. **Atkvæðagreiðsla.** Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Sveitarstjórnarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá sveitarstjórnarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar fulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarfulltrúi óskar og sveitarstjórn samþykkir.
- l. **Kosningar.** Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi sveitarstjórnarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarfulltrúi, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins. Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

Varamenn í sveitarstjórn.

Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir voru kosnir til sveitarstjórnar eða eftir samkomulagi sem aðilar að sameiginlegum framboðslista hafa komið sér saman um. Tilkynning um slíkt samkomulag skal lögð fram í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka þess.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur sveitarstjórnar.

19. gr.

Skyldur sveitarstjórnarfulltrúa.

Sveitarstjórnarfulltrúa ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum sveitarstjórnarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Sveitarstjórnarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

20. gr.

Réttur sveitarstjórnarfulltrúa.

Sveitarstjórnarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Sveitarstjórnarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum sveitarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Vilji sveitarstjórnarfulltrúi ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofum og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Óski kjörinn fulltrúi gagna skal hann beina því til sveitarstjóra og viðkomandi embættismanns, sem veita honum afrit af gögnum og upplýsingum. Að jafnaði skal miðað við að aðgangur að umbeðnum gögnum sé veittur innan þriggja virkra daga frá því að beiðni barst.

Séu gögn viðamikil eða undanþegin upplýsingarétti almennings er heimilt að ákveða að afhending gagna til skoðunar fari fram á þeirri skrifstofu þar sem gögnin eru vistuð. Afritun þeirra gagna er óheimil.

Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í sveitarstjórn er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem sveitarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Telji sveitarstjórnarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við sveitarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar sveitarstjórnarfulltrúi flytur úr sveitarfélagi um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en fulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir fulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki hann aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Missi sveitarstjórnarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn. Ef sveitarstjórnarfulltrúi missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og boða varamann í sinn stað. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.

Þóknun o.fl.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarfulltrúa og fundarstaðar sveitarstjórnar skal fulltrúi fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Sveitarstjórnarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarfulltrúa, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

V. KAFLI

Byggðarráð.

27. gr.

Kosning byggðarráðs.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm aðalmenn í byggðarráð til eins árs í senn. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í byggðarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Varamenn af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.

Kosning í byggðarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

Starfsmaður byggðarráðs annast fundarritun. Um ritun fundargerða byggðarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar.

28. gr.

Fundartími byggðarráðs.

Byggðarráð skal að jafnaði halda þrjá til fjóra fundi mánaðarlega, vikulega á hefðbundnum dagvinnutíma.

Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri sveitarfélagsins, formaður byggðarráðs eða aðalfulltrúi í byggðarráði óskar þess.

29. gr.

Boðun funda byggðarráðs.

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs.

Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna formanni ráðsins um forföll eins fljótt og auðið er og boða varamann í sinn stað.

30. gr.

Stjórnun byggðarráðs.

Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

Byggðarráðsfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum utan þeirra. Sérstaklega skal gætt að þessu við gerð reglna um fjarfundi skv. 14. gr. samþykktar þessarar.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi byggðarráðs ef þess er óskað. Heimilt er að boða aðra á fundi byggðarráðs til viðræðna um tiltekin mál.

31. gr.

Aðeyrnarfulltrúar í byggðarráði.

Hafi sveitarstjórn verið kjörin bundinni hlutfallsskosningu og einhver framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn nær ekki kjöri í byggðarráð, er fulltrúum þessa aðila heimilt að tilnefna aðeyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum byggðarráðs. Um aðeyrnarfulltrúa gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn.

Aðeyrnarfulltrúar í byggðarráði skulu vera aðalmenn í sveitarstjórn, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga. Varamenn af sama framboðslista og aðeyrnarfulltrúar verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

32. gr.

Verkefni byggðarráðs.

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Byggðarráð hefur eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn.

Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Byggðarráð fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnsýslu jafnréttismála.

Byggðarráð fer með atvinnu- og menningarmál, verkefni bókasafnsstjórnar skv. 8. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012, og húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

Meðan sveitarstjórn er í leyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella. Sveitarstjórn getur falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg.

33. gr.

Heimild byggðarráðs til fullnaðarákvörðunar.

Byggðarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins eða við sveitarstjóra um ákvörðunina. Verði ágreiningur um afgreiðslu mála í byggðarráði fer málið til afgreiðslu í sveitarstjórn og ber forseta að taka það þar til sérstakrar afgreiðslu.

Byggðarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Byggðarráði er heimilt að taka ákvarðanir um málefni sem varða lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagsskuldbindingar sveitarfélagsins, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára. Gegn þessum sömu skilyrðum er byggðarráði heimilt að taka ákvarðanir um sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess.

VI. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en byggðarráð.

34. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í ráð og nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Þó skulu íbúar taka þátt í kjöri á fulltrúum í heimastjórnir sbr. 36. gr. samþykktarinnar. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda og ráða er hið sama og sveitarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir og ráð þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd eða ráð í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

35. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir og ráð sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað, sjá þó ákvæði 36. gr. um heimastjórnir. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til ráðs eða nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi ráð eða nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosning í heimastjórnir fer eftir ákvæðum í 36. gr. samþykktarinnar, reglugerð um íbúakosningar nr. 922/2023 og reglum Múlaþings um framkvæmd íbúakosninga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

36. gr.

Kosning og kjörgengi í heimastjórnir.

Kjósa skal til fjögurra heimastjórna sem fara með afmörkuð málefni og málaflokka í hluta sveitarfélagsins skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga. Heimastjórnir eru eftirfarandi:

- a. Heimastjórn Borgarfjarðar.
- b. Heimastjórn Djúpavogs.
- c. Heimastjórn Fljótsháðs.
- d. Heimastjórn Seyðisfjarðar.

Valdmörk hvernar heimastjórnar miðast við sveitarfélagamörk Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsháðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar eins og þeim er lýst á sveitarfélagakorti Landmælinga Íslands frá maí 2014.

Heimastjórnir skulu skipaðar þremur fulltrúum.

Einn fulltrúi og annar til vara eru kjörnir af sveitarstjórn og skulu þeir vera aðalfulltrúar í sveitarstjórn. Kjör þeirra skal fara fram á sama fundi og sveitarstjórn kýs fulltrúa í fastanefndir og ráð skv. 48. gr. samþykktar þessarar. Sveitarstjórn kýs formann úr hópi aðalmanna í heimastjórn á þeim sama fundi.

Tveir fulltrúar og tveir til vara skulu kosnir beinni kosningu. Framkvæmd kosningarinnar er í samræmi við reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023 og reglur Múlaþings um framkvæmd íbúakosninga.

37. gr.

Valdsvið nefnda og framsal sveitarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið með viðauka að fela kjörnum nefndum, ráðum og heimastjórnnum sem talin eru upp í 48. gr. samþykktar þessarar að afgreiða, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál á verksviði þeirra ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, og

3. þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

Framsalsheimildir nefnda til fullnaðarafgreiðslu skulu koma fram í viðauka I með samþykkt þessari.

38. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar byggðarráðs eða sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun ráðs eða nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

39. gr.

Fundir ráða og nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir ráða og nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Sveitarstjórn skal setja reglur um boðun og framkvæmd opinna funda ráða og nefnda.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

40. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

41. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

42. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

43. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað

eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

44. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Framboðslisti sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki í fastanefnd má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í fastanefnd með málfrelsi og tillögurétt. Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

Áheyrnarfulltrúar í því ráði sem fer með verkefni barnaverndarnefndar skulu víkja af fundi þegar barnaverndarmál eru til umræðu og afgreiðslu.

45. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati sveitarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

46. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélaga eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

47. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórn kys fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kys fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

48. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórn kys í nefndir, ráð og stjórnir, sem tilgreindar eru undir lið A, til loka kjörtímabilsins á fyrsta fundi sínum að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Jafnframt skal sveitarstjórn á einum af fyrstu fundum sínum að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa í þær nefndir ráð og stjórnir sem tilgreindar eru undir liðum B og C.

Viðkomandi heimastjórnir skulu á fyrsta fundi sínum að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa í þær nefndir, ráð og stjórnir sem tilgreindar eru undir lið D.

Nánar um valdheimildir heimastjórna og ráða fer samkvæmt viðauka um framsalsheimildir og um verkefni samkvæmt erindisbréfi sem sveitarstjórn setur þeim.

Ráðum er heimilt, með samþykki sveitarstjórnar, að skipa verkefnabundna starfshópa skv. lið E.

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir skal þess gætt að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar fleiri en þrjá fulltrúa er um að ræða sbr. 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Heimilt er að víkja frá þessu ef hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt.

Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu sbr. 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Heimilt er að víkja frá þessu ef hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt.

A. Fastanefndir, heimastjórnir og kjörstjórnir.

1. *Heimastjórnir.* Kjósa skal einn sveitarstjórnarfulltrúa sem aðalmann og annan til vara skv. 38. sveitarstjórnarlaga og 36. gr. samþykktar þessarar, til viðbótar við þá tvo er kjörnir eru beinni kosningu samkvæmt 133. gr. sveitarstjórnarlaga, reglugerð um íbúakosningar nr. 922/2023 og reglum Múlaþings um framkvæmd íbúakosninga. Heimastjórn annast þau störf sem sveitarstjórn felur henni og snýr að viðkomandi byggðahluta. Heimastjórnir hafa vald til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. viðauka við samþykkt þessa.

Heimastjórn afgreiðir, eftir umfjöllun umhverfis- og framkvæmdaráðs, tiltekin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010 án staðfestingar sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga, þ.m.t. um deiliskipulag á hafnarsvæðum.

Heimastjórn afgreiðir tiltekin verkefni laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021 án staðfestingar sveitarstjórnar.

Heimastjórn fer með verkefni náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Heimastjórn skal fá til umsagnar tillögur um breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, innan sinna staðarmarka.

Heimastjórn tekur ákvarðanir sem sveitarstjórn skal taka samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. að frátöldu ákvörðun um staðfestingu fjallskilasamþykktar, sbr. 3. gr. laganna.

Heimastjórn tekur ákvarðanir sem sveitarstjórn skal taka samkvæmt lögum nr. 38/2013 um búfjárhald, að frátöldum ákvörðunum samkvæmt 4. gr. um takmörkun búfjárhalds.

Heimastjórn veitir umsagnir til sveitarstjórnar vegna ákvörðunar sveitarstjórnar á breytingu á landnotkun skv. 2. mgr. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

Heimastjórn veitir umsagnir samkvæmt 17. gr. jarðalaga nr. 81/2004, varðandi umsókn um lögbýlisrétt.

Heimastjórn gefur yfirlýsingu varðandi sölu jarða til ábúenda samkvæmt 3. tölulið 36. gr. jarðalaga.

Heimastjórn afgreiðir umsagnir um tækifærisleyfi og rekstrarleyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald o.fl., sem fulltrúi sveitarstjóra á viðkomandi stað hefur ákveðið að vísa til heimastjórnar til ákvörðunar.

Heimastjórn veitir umsagnir um menningarverkefni þegar eftir er leitað.

Heimastjórn veitir byggðarráði umsögn um rekstrarfyrirkomulag félagsheimila og tjaldsvæða og starfsemi þeirra og fer með verkefni stjórnar félagsheimila samkvæmt nánari ákvörðun og eftir því sem við á.

Heimastjórn veitir leyfi fyrir akstursíþróttir og aksturskeppnir sbr. 39. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og reglugerðar nr. 507/2007 um akstursíþróttir og aksturskeppnir sem fulltrúi sveitarstjóra á viðkomandi stað hefur ákveðið að vísa til heimastjórnar til ákvörðunar.

Heimastjórn veitir umsagnir um tiltekin hafnamál til umhverfis- og framkvæmdaráðs, svo sem að veita leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og ákvarðanir um bann eða takmörkuð afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

Heimastjórn skal að jafnaði halda opna fundi með íbúum viðkomandi byggðakjarna tvisvar á ári, annan að vori en hinn að hausti. Heimastjórn er heimilt að halda fleiri fundi með íbúum ef þurfa þykir.

Fjárhagsáætlun skal koma til umsagnar heimastjórnar áður en hún er tekin til umræðu í sveitarstjórn.

Nánar um verkefni og valdheimildir heimastjórna fer samkvæmt viðauka um framsalsheimildir.

2. *Byggðarráð.* Kjósa skal fimm sveitarstjórnarfulltrúa sem aðalmenn skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga og 27. gr. samþykktar þessarar.
3. *Fjölskylduráð.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem sveitarstjórn felur ráðinu á sviði fræðslu-, félagsþjónustu-, frístunda-, og forvarnamála ásamt því að fara með verkefni á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Fjölskylduráð fer með verkefni skólanefnda sbr. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, málefni tónlistarskóla sbr. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, og verkefni

leikskólastjórnar skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Ráðið annast einnig þau störf sem sveitarstjórn felur ráðinu á sviði fjölskyldumála og velferðar ásamt því að fara með verkefni félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjölskylduráð fer með verkefni yfirstjórnar barnaverndarþjónustu skv. 12. gr., sbr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Nánar um störf ráðsins fer samkvæmt erindisbréfi sem sveitarstjórn setur.

4. *Umdæmisráð barnaverndar*. Sveitarstjórn skipar þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum, til fimm ára í senn, skv. samningi um umdæmisráð barnaverndar. Ráðið skal skipað einum félagsráðgjafa, einum sálfræðingi og einum lögfræðingi, sem jafnframt er formaður ráðsins, auk þriggja varamanna sem uppfylla sömu skilyrði til setu í ráðinu. Ráðsmenn skulu í það minnsta hafa þriggja ára starfsreynslu í barnvernd. Ráðsmaður þarf ekki að eiga lögheimili í umdæmi viðkomandi umdæmisráðs en ekki er heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í viðkomandi umdæmi.
5. *Umhverfis- og framkvæmdaráð*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem sveitarstjórn felur ráðinu á sviði umhverfis-, framkvæmda- og hafnarmála ásamt því að fara með verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, bygginganefndar skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og umferðarfræðslu skv. 112. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ráðið fer með verkefni hafnarstjórnar og ber stjórnunarlega ábyrgð á höfnum sveitarfélagsins í samræmi við hafnalög nr. 61/2003 og hafnarreglugerðir nr. 275/2006, nr. 292/2005 og 295/2005, með síðari breytingum.
6. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og Alþingiskosningar*. Kjósa skal þrjár aðalmenn og jafnmarga til vara til yfirkjörstjórnar skv. 3. mgr. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Kjörstjórn kys sér oddvita og skipta að öðru leyti með sér verkum. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum kosningalaga nr. 112/2021. Kjósa skal undirkjörstjórnir, jafnmargar og kjördeildir eru: Þrjá aðalmenn í hverja og nægilegan fjölda varamanna.

B. Önnur ráð og stjórnir.

1. *Stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.* Sveitarstjórn tilnefnir fimm fulltrúa og fimm til vara í stjórn. HEF fer með stjórn hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu innan sveitarfélagsins. Sjá m.a. lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, orkulög nr. 58/1967 og lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.
2. *Ungmennaráð*. Ellefu fulltrúar og ellefu til vara skipaðir af grunn- og framhaldsskólum innan sveitarfélagsins ásamt fulltrúum frá félagasamtökum eins og tilgreint er í erindisbréfi ungmennaráðs.
3. *Öldungaráð*. Þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn, fjórir fulltrúar tilnefndir af félögum eldri borgara og einn fulltrúi frá heilsugæslunni í samræmi við 38. gr. laga um félagsþjónustu nr. 40/1991.
4. *Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks*. Þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn og þrír fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks skv. 2. mgr. 42. nr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

C. Tilnefningar í sameiginlegar nefndir, stjórnir og byggðasamlög.

1. *Aðalfundur og haustþing Sambands sveitarfélaga á Austurlandi*. Aðal- og varafulltrúar tilnefndir samkvæmt samþykktum samtakanna.
2. *Almannavarnanefnd*. Í samræmi við samkomulag um skipan sameiginlegrar almannavarnanefndar í umdæmi lögreglunnar á Austurlandi situr sveitarstjóri í nefndinni sem fulltrúi sveitarfélagsins.
3. *Ársalir bs.* Tveir aðalmenn og tveir til vara. Fulltrúar í þriggja manna stjórn. Fljótsdalshreppur tilnefnir sinn fulltrúa. Fulltrúi sveitarfélagsins er formaður stjórnar.
4. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Sveitarstjórn kys aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, sbr. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
5. *Heilbrigðisnefnd Austurlands*. Sveitarstjórnir á Austurlandi kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
6. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Kosnir aðal- og varafulltrúar samkvæmt lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.
7. *Stjórn Brunavarna á Héraði*. Tveir fulltrúar og tveir til vara. Fulltrúar í þriggja manna stjórn. Fljótsdalshreppur tilnefnir sinn fulltrúa. Stjórnin skiptir með sér verkum.
8. *Stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga*. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt stofnsamningi byggðasamlagsins. Samstarfssveitarfélög skipa samtals tvo fulltrúa.
9. *Stjórn Minjasafns Austurlands*. Fjórir aðalfulltrúar og fjórir til vara.
10. *Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands*. Í samræmi við samning um Skólaskrifstofu Austurlands er sveitarstjóri fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn byggðasamlagsins.

11. *Stjórn Vísindagarsins ehf.* Einn fulltrúi og einn til vara. Fulltrúi Fljótsdalshéraðs er formaður stjórnarinnar.
12. *Svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs, austursvæði.* Tveir fulltrúar og tveir til vara.
13. *Svæðisskipulagsnefnd Austurlands.* Tveir fulltrúar og tveir til vara.
14. *Náttúrustofa Austurlands.* Einn aðalfulltrúi og einn til vara. Jafnframt skipa Múlaþing og Fjarðabyggð einn sameiginlegan fulltrúa beggja sveitarfélaga.

D. Tilnefningar í staðbundnar stjórnir og nefndir.

1. *Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs.* Heimastjórn Fljótsdalshéraðs tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara í samræmið við skipulagsskrá fyrir sjóðinn.
2. *Ráðgjafanefnd um uppgræðslustarf.* Heimastjórn Fljótsdalshéraðs tilnefnir einn fulltrúi í þriggja manna ráðgjafanefnd um uppgræðslustarf í samræmi við 10. gr. skipulagsskrár Landbótasjóðs Norður-Héraðs og 3. gr. samkomulags milli Landsvirkjunar og virkjunarnefndar Norður-Héraðs um ýmis mál sem tengjast Kárahnjúkavirkjun, frá 10. september 2002 og viðauka með því. Aðrir fulltrúar í nefndina eru skipaðir af Landsvirkjun og Landgræðslunni.
3. *Stjórn Fjarðarborgar.* Heimastjórn Borgarfjarðar fer með verkefni stjórnar félagsheimilisins Fjarðarborgar í samræmi við samþykktir félagsins.
4. *Stjórn Nönnusafns.* Heimastjórn Djúpavogs tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara í samræmi við samþykktir félagsins.
5. *Stjórn Ríkarðshúss.* Heimastjórn Djúpavogs tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara í samræmi við samþykktir félagsins.
6. *Stjórn Kvennasmiðjunnar.* Heimastjórn Djúpavogs tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara í samræmi við samþykktir félagsins.
7. *Tækniminjasafn Austurlands.* Heimastjórn Seyðisfjarðar tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara í samræmi við samþykktir félagsins.
8. *Skaftfell, miðstöð myndlistar ses.* Heimastjórn Seyðisfjarðar tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara í samræmi við samþykktir félagsins.

E. Verkefnabundnir starfshópar.

Sveitarstjórn getur skipað starfshópa til að vinna að afmörkuðum verkefnum í tiltekinn tíma. Umboð slíkra starfshópa fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrr ef verki starfshópsins er lokið. Sveitarstjórn getur afturkallað umboð starfshóps hvenær sem er.

VII. KAFLI

Sveitarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.

49. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélags. Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími sveitarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

50. gr.

Hlutverk sveitarstjóra.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Sveitarstjóri kemur fram fyrir hönd stjórnsýslu sveitarfélagsins, eða felur öðru starfsfólki að gera það.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem sveitarstjórn skipar.

Sveitarstjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar, byggðarráðs og annarra nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélags. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Sveitarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

51. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Æðstu embættismenn sveitarfélagsins, aðrir en sveitarstjóri, eru sviðsstjóri stjórnsýslu, sviðsstjóri fjármála, sviðsstjóri mannauðs og þjónustu, sviðsstjóri framkvæmda, sviðsstjóri menntunar og lýðheilsu og sviðsstjóri velferðar. Sveitarstjóri, í samráði við viðkomandi fagráð, ræður æðstu embættismenn í umboði sveitarstjórnar skv. 1. mgr. 56. gr., sbr. 2. mgr. 35. gr. og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama gildir um ákvarðanir sem varða réttindi og skyldur starfsmanna á grundvelli starfsmannaréttar, og veitingu lausnar frá starfi.

52. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer samkvæmt sérstökum reglum sem sveitarstjórn samþykkir. Í þeim verði fjallað um ráðningarsamband, hvað telst til fastra starfa, hvernig skuli standa að auglýsingu starfa, hvernig skuli staðið að ráðningu lausráðinna starfsmanna, heimildir forstöðumanna til ráðninga og önnur atriði sem mikilvæg eru.

Sveitarstjóri í samráði við viðkomandi heimastjórn ræður fulltrúa sveitarstjóra á hverjum stað. Fulltrúi sveitarstjóra starfar með viðkomandi heimastjórn.

Stjórnendur sviða ráða stjórnendur stofnana og aðra starfsmenn viðkomandi sviðs í samráði við sveitarstjóra, sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga, með eftirfarandi undantekningum:

- a. Deildarstjóri íþróttu og tómstunda ræður forstöðufólk íþróttamannvirkja í samráði við sviðsstjóra menntunar og lýðheilsu.
- b. Deildarstjóri fristunda og forvarna ræður forstöðufólk félagsmiðstöðva og frístundamiðstöðva í samráði við sviðsstjóra menntunar og lýðheilsu.
- c. Deildarstjóri í félagslegri ráðgjöf ræður starfsfólk í stuðningsþjónustu félagsþjónustu Múlaþings í samráði við sviðsstjóra velferðar.
- d. Deildarstjóri í málefnum fatlaðs fólks ræður forstöðufólk í búsetuþjónustu og Stólpa í samráði við sviðsstjóra velferðar.
- e. Deildarstjóri menningarmála ræður forstöðufólk almenningsbókasafna, Sláturhússins menningarmiðstöðvar, og Minjasafns Austurlands, í samráði við sviðsstjóra stjórnsýslu.
- f. Garðyrkjustjóri ræður starfsfólk vinnuskóla Múlaþings.

Ráðningar þurfa að rúmast innan fjárheimildar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Ofangreindir aðilar taka jafnframt ákvarðanir sem varða réttindi og skyldur starfsmanna þeirra á grundvelli starfsmannaréttar, og veita þeim lausn frá starfi.

53. gr.

Framsal sveitarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið með viðauka að fela sviðsstjórum fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 37. gr. samþykktar þessarar. Framsalsheimildir sviðsstjóra til fullnaðarafgreiðslu skulu koma fram í viðauka með samþykkt þessari. Sveitarstjórnar skal setja skýrar reglur um afgreiðslu sviðsstjóra en viðkomandi fagráð hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

54. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn sveitarfélaga og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt ákvæðum X. kafla stjórnsýslulaga. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

55. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

56. gr.

Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

57. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Byggðarráð eða sveitarstjóri, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt þessari, leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Heimastjórnir skulu fá tillögu að fjárhagsáætlun til umsagnar áður en sveitarstjórn tekur tillöguna til fyrri umræðu, og aftur fyrir síðari umræðu ef breytingar hafa verið gerðar á áætlun milli umræðna.

Sveitarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

58. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 56. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

59. gr.

Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum

Samhliða fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags. Í stefnu skal greina frá ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst veita á viðkomandi svæðum, t.d. skólahalds, ferða skólabíla, opnunartíma sundlauga, reksturs félagsheimila o.s.frv. Við gerð og mótnun stefnunnar skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins og heimastjórnir. Málsmeðferð við afgreiðslu stefnunnar skal að öðru leyti vera skv. 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

61. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

62. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði eða sveitarstjóra sveitarfélagsins og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneytis sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

63. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samvinna við önnur sveitarfélög og samningar um starfrækslu verkefna

64. gr.

Samvinna sveitarfélaga

Sveitarstjórn er heimilt að eiga samstarf um starfrækslu verkefna við annað eða önnur sveitarfélög og framselja vald til töku ákvarðana um rétt og skyldu manna. Fer um slíkt samstarf skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga og þau sérlög sem við eiga.

65. gr.

Samningar við einkaaðila

Sveitarstjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélagið, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

X. KAFLI

Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.

66. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 20% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórna og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, reglugerð um íbúakosningar 323/2023 og reglum Múlaþings um framkvæmd íbúakosninga.

67. gr.

Viðaukar um fullnaðarafgreiðslur.

Samþykkt þessari fylgir viðauki I og viðauki II um fullnaðarafgreiðslur í samræmi við heimildir 37. gr. samþykktarinnar og um fullnaðarafgreiðslu sviðsstjóra innan stjórnsýslu sveitarfélagsins í samræmi við heimildir 53. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

68. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi, ásamt viðaukum, sem sveitarstjórn Múlaþings hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, staðfestist til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Múlaþings, nr. 1216/2023.

Bráðabirgðaákvæði.

Þá er staðfest að framkvæmd kosninga til heimastjórna skv. 36. gr. samþykktarinnar er sett með vísan til 132. gr. sveitarstjórnarlaga og að heimastjórnir þar sem meirihluti fulltrúa er kosinn með beinni kosningu íbúa og fara með fullnaðarákvörðunarvald vegna málefna nærsamfélagsins, skuli starfa í sveitarfélaginu að minnsta kosti út kjörtímabil sem lýkur 2030. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir breytingu á ákvæðum samþykktanna að öðru leyti.

Innviðaráðuneytinu, 7. júlí 2026.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

VIÐAUKI I

Fullnaðarafgreiðsla stjórna og ráða í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Almenn skilyrði valdframsals.

1. gr.

Um almenn skilyrði til framsals á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála er vísað til 37. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu eða þriðjungur hlutaðeigandi nefndar eða ráðs sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu, getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi fastanefnd taki ákvörðun í máli.

Ákvarðanir sem fela í sér fullnaðarákvörðun um mál, skv. viðauka þessum, koma til kynningar innan stjórnsýslu sveitarfélagsins með eftirfarandi hætti:

Fundargerðir heimastjórna eru kynntar sveitarstjórn.

Fundargerðir umhverfis- og framkvæmdaráðs eru kynntar sveitarstjórn.

Endurupptaka ákvarðana, birting og leiðbeiningar.

2. gr.

Aðili stjórnsýslumáls á rétt á endurupptöku eftir því sem 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 kveður á um. Sá aðili sem tók ákvörðun í málinu skal taka ákvörðun um hvort af endurupptöku verði eða ekki.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í viðauka þessum og að öðru leyti gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga.

Heimastjórnir.

3. gr.

Heimastjórn afgreiðir eftir umfjöllun umhverfis- og framkvæmdaráðs eftirtalin verkefni samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 án staðfestingar sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. afgreiðsla umsókna um framkvæmdaleyfi matsskyldra framkvæmda skv. 14. gr. skipulagslaga,
2. ákvörðun um að unnin sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi með vísan til 38. gr. skipulagslaga,
3. ákvörðun í samræmi við 41. gr. skipulagslaga, um að auglýsa deiliskipulagstillögu og taka afstöðu til framkominna athugasemda við tillöguna og tillögur umhverfis- og framkvæmdaráðs um afgreiðslu og hvort gera þurfi breytingar á deiliskipulagstillögunni. Jafnframt skal heimastjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær, skv. 42. gr. skipulagslaga.
4. hafi Skipulagsstofnun gert athugasemdir við afgreiðslu heimastjórnar á deiliskipulagstillögu, skal heimastjórn fjalla um málið og gera tillögu að nauðsynlegum breytingum, eða færa rökstudda grein fyrir ástæðum þess að heimastjórn fallist ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar skv. 42. gr. skipulagslaga.
5. ákvörðun um heiti á götum, vegum og torgum samkvæmt 47. gr. skipulagslaga, að fenginni umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs.
6. gerir tillögur að umferðarhraða og öðrum öryggisráðstöfnunum í umferðaröryggisáætlun.

Heimastjórn veitir umsagnir um umhverfismat áætlana skv. III. kafla og umhverfismat framkvæmda skv. IV. kafla laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Jafnframt afgreiða heimastjórnir eftirfarandi án staðfestingar sveitarstjórnar:

Heimastjórn veitir umsagnir til umhverfis- og framkvæmdaráðs, um tillögur um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, innan sinna staðarmarka.

Heimastjórn veitir umsagnir til sveitarstjórnar vegna ákvörðunar sveitarstjórnar á breytingu á landnotkun skv. 2. mgr. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

Heimastjórn veitir umsagnir samkvæmt 17. gr. jarðalaga nr. 81/2004, varðandi umsókn um lögbýlisrétt.

Heimastjórn gefur yfirlýsingu varðandi sölu jarða til ábúenda samkvæmt 3. tölulið 36. gr. jarðalaga.

Heimastjórn afgreiðir umsagnir um tækifærisleyfi og rekstrarleyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald o.fl. sem fulltrúi sveitarstjóra á viðkomandi stað hefur ákveðið að vísa til heimastjórnar til ákvörðunar.

Heimastjórn veitir leyfi fyrir akstursíþróttir og aksturskeppnir sbr. 39. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og reglugerðar nr. 507/2007 um akstursíþróttir og aksturskeppnir sem fulltrúi sveitarstjóra á viðkomandi stað hefur ákveðið að vísa til heimastjórnar til ákvörðunar.

Heimastjórn tekur ákvarðanir sem sveitarstjórn skal taka samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. að frátöldu ákvörðun um staðfestingu fjallskilasamþykktar, sbr. 3. gr. laganna.

Heimastjórn tekur ákvarðanir sem sveitarstjórn skal taka samkvæmt lögum nr. 38/2013 um búfjárhald, að frátöldum ákvörðunum samkvæmt 4. gr. um takmörkun búfjárhalds.

Umhverfis- og framkvæmdaráð.

4. gr.

Umhverfis- og framkvæmdaráð afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010 án staðfestingar sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. ákvarðanir samkvæmt 48. gr. skipulagslaga um skiptingu landa og lóða,
2. samþykkt og kynning deiliskipulagstillögu samkvæmt ákvæðum, sbr. 1.-3. mgr. 40. gr. skipulagslaga,
3. ákvörðun skv. 44. gr. skipulagslaga vegna umsókna um byggingar- eða framkvæmdaleyfis fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir ef framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
4. ákvörðun um og samþykkt óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, og sendir til Skipulagsstofnunar samþykktu deiliskipulagstillögu.
5. ákvörðun um hvort að við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi sé heimilt að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarþ eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga,
6. afgreiðir tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögu skv. 5. málsl. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga,
7. afgreiðsla umsókna um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga að undanskildum embættisafgreiðslum skipulagsfulltrúa, sbr. c-lið 18. gr. viðauka II.
8. ákvarðanir sem vísa til sveitarstjórnar samkvæmt X. kafla skipulagslaga um þvingunarúrræði og viðurlög, s.s. að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi. sbr. 53. gr. skipulagslaga og ákvarðanir um dagsektir, sbr. 54. gr.

VIÐAUKI II

Fullnaðarafgreiðsla starfsmanna í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Ráðning annarra starfsmanna.

1. gr.

Stjórnendur sveitarfélagsins fara með ráðningarvald annarra starfsmanna án staðfestingar sveitarstjórnar. Heimildir þeirra eru nánar skilgreindar í erindisbréfum fagraða, sbr. 52. gr. samþykktar þessarar.

Embættisafgreiðsla sviðsstjóra stjórnsýslu.

2. gr.

Sviðsstjóri stjórnsýslu afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein, skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar:

Erindi sem send eru til byggðarráðs til umsagnar, kynningar eða til meðferðar einstakra nefnda, ráða, embættismanna eða aðila utan Múlaþings og heyra ekki undir valdsvið heimastjórna sveitarfélagsins.

3. gr.

Sviðsstjóra stjórnsýslu er heimilt að vísa ákvörðun skv. 2. gr. til afgreiðslu byggðarráðs ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

4. gr.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 2. gr. skulu kynnt byggðarráði með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

Embættisafgreiðslur sviðsstjóra fjármála

5. gr.

Sviðsstjóri fjármála afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar:

Umsóknir um afslátt af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt af fasteignaskatti, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

6. gr.

Sviðsstjóri fjármála er heimilt að vísa ákvörðun skv. 5. gr. til afgreiðslu byggðarráðs ef ætla má að aðili máls sæti ekki niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

7. gr.

Mál sem sviðsstjóra fjármála afgreiða skv. 5. gr. skulu kynnt byggðarráði með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

Embættisafgreiðslur sviðsstjóra velferðar.

8. gr.

Sviðsstjóri velferðar afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar:

- a) húsaleigusamninga Eignasjóðs og vegna félagslegs húsnæðis. Í því felst m.a. að undirrita húsaleigusamning og segja honum upp eða rifta.

9. gr.

Sviðsstjóri velferðar er heimilt að vísa ákvörðun skv. 8. gr. til afgreiðslu fjölskylduráðs ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

10. gr.

Mál sem starfsmenn afgreiða skv. 8. gr. skulu kynnt fjölskylduráði með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

11. gr.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðanefndar velferðarmála, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002 og um kærufrest, ef um kæránlega ákvörðun er að ræða.

Embættisafgreiðslur sviðsstjóra menntunar og lýðheilsu

12. gr.

Sviðsstjóri menntunar og lýðheilsu afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar:

- a) ráðningar skólastjóra.
- b) að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla.
- c) að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og
- d) framhaldsskóla hins vegar.
- e) áætlanir um mannaflaþörf leik- og grunnskóla í samráði við skólastjórnendur.
- f) samninga til eins árs sem eru í samræmi við starfsáætlun ráðsins.
- g) leyfi fyrir skólavist í öðrum sveitarfélögum.
- h) leyfi fyrir skólavist nemenda í skólum Múlaþings sem eiga lögheimili utan sveitarfélagsins.
- i) leyfi fyrir rannsóknum í skólum.
- j) umsóknir um launalaus leyfi.
- k) umsóknir um leikskólavist.
- l) leyfi fyrir leikskólavist í öðrum sveitarfélögum.
- m) leyfi fyrir leikskólavist í leikskólum Múlaþings fyrir börn sem eiga lögheimili utan sveitarfélagsins.
- n) leyfi til daggæslu barna í heimahúsum.
- o) leyfi til heimakennslu.

13. gr.

Sviðsstjóra menntunar og lýðheilsu er heimilt að vísa ákvörðun skv. 11. gr. til afgreiðslu fjölskylduráðs ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

14. gr.

Mál sem sviðsstjóri menntunar og lýðheilsu afgreiðir skv. 12. gr. skulu kynnt fjölskylduráði með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

Embættisafgreiðslur sviðsstjóra framkvæmda.

15. gr.

Sviðsstjóri framkvæmda afgreiðir án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein skv. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar:

- a) ráðningu skipulagsfulltrúa Múlaþings, sbr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að fenginni umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs.
- b) ráðningu byggingarfulltrúa Múlaþings, sbr. 8. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- c) erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs, nefnda eða ráða Múlaþings og heyra ekki undir valdsvið heimastjórna, sbr. 3. gr. viðauka I við samþykkt þessa.
- d) húsaleigusamninga Eignasjóðs og félagslegra íbúða. Í því felst m.a. að undirrita húsaleigusamning og segja honum upp eða rifta.
- e) Undirritun lóðarleigusamninga, þinglýsing, aflýsing, uppsögn og riftun þeirra.

16. gr.

Sviðsstjóra framkvæmda er heimilt að vísa ákvörðun skv. 15. gr. til afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdaráðs ef ætla má að aðili máls sæti ekki niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

17. gr.

Mál sem sviðsstjóri framkvæmda afgreiðir skv. 15. gr. skulu kynnt umhverfis- og framkvæmdaráði með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

Embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa.

18. gr.

Skipulagsfulltrúi afgreiðir án staðfestingar umhverfis- og framkvæmdaráðs, mál sem upp eru talin í þessari grein og falla undir skipulagslög nr. 123/2010 með síðari breytingum og skilgreind eru sem verkefni sveitarstjórna í lögunum, sbr. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar, með þeim takmörkunum sem leiðir af valdssviði heimastjórna sveitarfélagsins:

- a) framlengir frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.
- b) leita eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga.
- c) afgreiðsla umsókna um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr., og útgáfa þeirra, sem eru í samræmi við gildandi deiliskipulag. Í öðrum tilfellum gefur hann út framkvæmdaleyfi að undangenginni afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdaráðs, sbr. 7. tl. 4. gr. viðauka I.
- d) stöðvar framkvæmd sem er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað, sbr. 53. gr. skipulagslaga.
- e) með þriggja mánaða fyrirvara, getur skipulagsfulltrúi lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa hafi framkvæmdaleyfis skyld framkvæmd stöðvast í tvö ár, sbr. 3. mgr. 15. gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúa er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt skipulagslögum eða láta af atferli sem er ólögmaett, sbr. 1. mgr. 54. gr. skipulagslaga,
- f) framsendir, vísar frá eða synjar erindum sem beint er til umhverfis- og framkvæmdaráðs og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

19. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að vísa ákvörðun skv. 18. gr. til afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdaráðs ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

20. gr.

Mál sem skipulagsfulltrúi afgreiðir skv. 18. gr. skulu kynnt umhverfis- og framkvæmdaráði með skriflegri skýrslu á næsta fundi ráðsins.

21. gr.

Um afgreiðslu skipulagsfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulagslaga nr. 123/201 með síðari breytingum, ákvæði reglugerða settra á grundvelli laganna og samþykktir Múlaþings ef við á.

22. gr.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. lög um úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011, og um kærufrest, ef um kæránlega ákvörðun er að ræða.

Embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa.

23. gr.

Byggingarfulltrúi afgreiðir, án staðfestingar umhverfis- og framkvæmdaráðs, mál sem upp eru talin í þessari grein og falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum sbr. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar með þeim takmörkunum sem leiðir af valdssviði heimastjórna sveitarfélagsins:

- a) eftirlit með mannvirkjagerð, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 1. og 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- b) útgáfa byggingarleyfis, að uppfylltum skilyrðum laga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmálum.

24. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að vísa ákvörðun skv. 23. gr. til afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdaráðs ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

25. gr.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs og bókaðar í fundargerð.

26. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, með síðari breytingum, og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

27. gr.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. lög um úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 og um kærufrest, ef um kæránlega ákvörðun er að ræða.

Embættisafgreiðslur fulltrúa sveitarstjóra

28. gr.

Fulltrúi sveitarstjóra á hverjum stað, sbr. 52. gr. samþykktar þessarar, afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein, samkvæmt 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar:

- a) veiting umsagna um tækifærisleyfi sbr. 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald o.fl.
- b) veiting umsagna um rekstrarleyfi sbr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald o.fl.
- c) veiting leyfa fyrir akstursípróttir og aksturskeppnir sbr. 39. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og reglugerðar nr. 507/2007 um akstursípróttir og aksturskeppnir.

Fulltrúi sveitarstjóra á hverjum stað getur ávallt óskað eftir því, samkvæmt 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga að heimastjórn á viðkomandi stað taki ákvörðun í máli samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Mál sem fulltrúi sveitarstjóra afgreiðir samkvæmt grein þessari skal kynnt í viðkomandi heimastjórn með skriflegri skýrslu á næsta fundi heimastjórnar.

Embættisafgreiðslur starfsfólks velferðar

29. gr.

Sviðsstjóri velferðar, eða starfsfólk velferðar afgreiðir án staðfestingar fjölskylduráðs og sveitarstjórnar, allar umsóknir sem byggja á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, lögum um barnavernd nr. 80/2002, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og umsóknir um félagslegt húsnæði. Starfsfólk velferðar, í samráði við sviðsstjóra velferðar, hefur heimild til að undirrita húsaleigusamning og segja honum upp eða rifta.

Í tilfalli barnaverndarþjónustu Múlaþings þá taka eftirfarandi starfsmenn Múlaþings ákvarðanir á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002:

- a) sviðsstjóri velferðar
- b) verkefnastjóri barnaverndar
- c) ráðgjafar í barnavernd
- d) félagsráðgjafar í barnavernd

Umfjöllun og afgreiðsla um ofangreind mál fer fram á vikulegum fundum meðferðarteymis.

Sviðsstjóri velferðar eða starfsfólk í umboði sviðsstjóra velferðargetur óskað eftir því að fjölskylduráð taki ákvörðun í máli samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, að undanskildum barnaverndarmálum.

Fjölskylduráð skal upplýst reglulega um mál sem starfsmenn afgreiða í umboði ráðsins, án persónugreinanlegra upplýsinga.